

Fréttatilkynning frá AECO – Association of Arctic Expedition Cruise Operators (til birtingar án tafar):

Ísland verður hluti af starfssvæði AECO

The Association of Arctic Expedition Cruise Operators (AECO) hefur ákveðið að gera Ísland að hluta af starfssvæði samtakanna. Settar verða reglur og öðrum úrræðum beitt til að tryggja sjálfbæran rekstur leiðangursskemmtiskipa á Íslandi.

[AECO](#) eru alþjóðleg samtök rekstraraðila leiðangursskemmtiskipa sem sigla um norðurslóðir. Starfssvæði samtakanna nær yfir Svalbarða, Jan Mayen, Grænland, norðurhluta Kanada og norðurskautsþjóðgarðinn í Rússlandi, sem og Ísland frá árinu 2019. Að minnsta kosti 25% starfandi meðlima AECO hafa ferðaáætlanir sem fela þegar í sér eða munu fela í sér Ísland í framtíðinni.

Samtökin hafa íslenska meðlimi og hafa haft starfsemi á Íslandi í nokkur ár. Framkvæmdastjóri AECO, Frigg Jørgensen, er ánægð með að meðlimir AECO hafi ákveðið að gera Ísland að hluta af starfssvæði samtakanna: „Yfir margra ára skeið höfum við byggt upp gagnlegt samstarf við ýmsa hagsmunaaðila á Íslandi. Við höfum orðið vitni að aukningunni í ferðamennsku, þar á meðal komu skemmtiskipa, og við teljum að reglur, úrræði og verkfæri AECO geti komið að gagni.“

Ásamt Cruise Iceland og öðrum samstarfsaðilum á öðrum svæðum við Norður-Atlantshafið hefur AECO sett saman almennar [samfélagsreglur](#) fyrir þá sem heimsækja samfélög við Norður-Atlantshafið. Í sumar hóf AECO samstarf við hagsmunaaðila á staðnum um að þróa sérstakar samfélagsreglur fyrir Seyðisfjörð. Búist er við að reglurnar verði tilbúnar síðar í ár.

AECO ber einnig ábyrgð á árlegri [sameiginlegri skrifborðsæfingu \(TTX\) í leit og björgun \(SAR\) á norðurslóðum](#) sem fer fram í Reykjavík í apríl ár hvert í samstarfi við Landhelgisgæsluna. Á æfingunni koma saman aðilar úr skemmtiskipaiðnaðinum og björgunaraðilar frá löndunum kringum norðurheimskautið og er hún talin afar mikilvæg fyrir leit og björgun á norðurslóðum.

Samtökin hafa sett saman fjölda [reglna](#) sem meðlimum þeirra er skylt að fylgja. Þar á meðal eru reglur er varða starfsemi, dýralíf, gesti, ákveðna staði og annað. AECO metur hvort aðlaga þurfi reglurnar á ákveðnum stöðum, en meðlimum sem starfa á Íslandi verður skylt að fylgja þeim eins og mögulegt er.

„Við hlökkum til að auka smám saman þátttöku okkar og samstarf við viðeigandi hagsmunaaðila á Íslandi á komandi árum,“ segir Frigg Jørgensen. „Öllum sem starfa á okkar sviði eða hafa áhuga á okkar starfsemi er velkomið að hafa samband.“

AECO – Association of Arctic Expedition Cruise Operators

Association of Arctic Expedition Cruise Operators eru alþjóðleg samtök rekstraraðila leiðangursskemmtiskipa og samstarfsaðila þeirra á norðurslóðum, sem helga sig umhverfisvænum, öruggum og tillitssömum rekstri skemmtiskipa. AECO hefur um 70 alþjóðlega meðlimi – þar á meðal eru 40 skiprekendur, eigendur og stjórnendur, og 50 leiðangursskemmtiskip – og er því í forsvari fyrir meirihluta þeirra sem stunda slíkan rekstur á norðurslóðum. Meðlimir AECO sigldu með alls 26.000

Hafðu samband við: Edda Falk, samskiptastjóri, AECO – Association of Arctic Expedition Cruise Operators
edda@aeco.no | Farsími: +47 476 32 550 | www.aeco.no

farþega til Svalbarða, Grænlands, Íslands, Kanada og Frans Jósefslands árið 2018. Cruise Iceland og North Atlantic Agency á Íslandi eru meðlimir í AECO. Vefsvæði: www.aeco.no.

Nánari upplýsingar

Framkvæmdastjóri, Frigg Jørgensen, frigg@aeco.no, +4791390554

Samskiptastjóri, Edda Falk, edda@aeco.no, +4747632550